

Hálaunaskattar til hagsbóta – yfirstétt til ópurftar

Eftir Ívar Jónsson



Ívar Jónsson

Í kjölfar upplýsinga um svokölluð ofurlaun bankastjóra hefur verið töluverð umræða í samfélaginu um hvort og hvernig eigi að bregðast við launaskriði í bankageiranum og víðar. Umræðan hefur annars vegar snúist um hvort réttlátt sé að laun þessara aðila hækki verulega á sama tíma og bankarnir raka að sér ofurarði og skuldugum heimilum blæðir út. Hins vegar hefur verið fullyrt að hugmyndir um „ofurskatta“, þ.e. 60-80% tekjuskatt á laun yfir 10-12 hundruð þúsund krónur, muni fæla (menntað) fólk úr landi og draga úr hagvexti þegar til lengri tíma lætur. Þessi umræða er athyglisverð því hún snýst í raun um hvers konar samfélagi þeir vilja búa í sem enn verða hér í landinu á komandi árum.

Óréttlát ofurlaunataka

Það hefur lengi verið ríkjandi hugmyndafræði á Vesturlöndum að forsenda réttláts samfélags sé að jafnrétti til athafna ríki og hver beri úr bótum í samræmi við framlag og hæfni. Forsenda þess að slíkt réttlæti geti orðið að veruleika er að markaðir séu frjálssir og samkeppni ríki. Það er því óréttlátt ef afkoma sumra er betri en annarra vegna þess að þeir hafi erfðarétt til forréttinda eða þeir rak að sér auði í

skjólí fákeppni eða einokunar. Með þetta í huga getum við sagt að ofurlaun sem aðilar í fákeppnigeirum eins og bankageiranum skammta sér séu óréttlát. Þessir aðilar níðast á almenningi í skjólí fákeppni. Það sama á við um fleiri geira eins og t.d. olíusölu, tryggingar, verslun o.fl. Í ljósi þessa ber því að leggja skatta á of-

urlaun í nafni réttlætis. Í víðara samhengi má segja að þar sem samkeppni verður ekki viðkomandi vegna smæðar markaðar eigi hið opinbera að taka við rekstri. Um þetta eru hægrimmenn og vinstrimmenn sam-mála, eða eins og von Hayek segir í *Leiðinni til ánauðar* (kafla 3): „Í þeim tilvikum þar sem samkeppni er ekki möguleg og starfsemi er samfélagslega nauðsynleg ... hefur hið opinbera hlutverk að leika.“

Ójöfnuður grefur undan hagvexti

Fullyrt er að „ofurskattarnir“ muni fæla (mennta) fólk úr landi og draga úr hagvexti í framtíðinni, eða m.ö.o.: haldið er fram að ójöfnuður í tekjum leiði til aukins hagvaxtar. Afar erfitt er að gera samanburðarrannsóknir á þessum tengslum. Niðurstöður rannsókna félags- og hagfræðinga benda þó til þess að á Vesturlöndum leiði aukinn ójöfnuður til minni hagvaxtar en í þróunarlöndum sé þessu öfugt farið. Auk

» ...ofurlaun sem aðilar í fákeppnigeirum eins og bankageiranum skammta sér séu óréttlát. Þessir aðilar níðast á almenningi í skjólí fákeppni.

Þess benda rannsóknir til að sterkara samband sé milli misskiptingar eigna og hagvaxtar, þ.e. þeim mun meiri sem misskipting eigna er, þeim mun minni verður hagvöxtur til lengri tíma. Stíghækkandi skattar jafna tekjur í samfélaginu og um leið eignir manna[1]. Í ljósi þessa er vert að skoða aukna „háeignaskatta“ samfara auknum hátekjusköttum.

En, mun fólk flytja úr landi vegna „ofurskattanna“? Það er ólíklegt því skattarnir ná til fárra. Meðallaun eru mun lægri en 1 milljón á mánuði í flestum atvinnugreinum, s.s. hugbúnaðargeiranum (sjá *Frjálsa verslun*, 300 stærstu). Ísland er ekki hálaunaland.

Helsta hagvaxtarógn Íslands er ekki „ofurskattar“ heldur miklu fremur spilt yfirstétt landsins sem hefur ofið um sig þéttiríð fjölmiðlanet já-bræðra sem sifflert ráðast gegn öllum tilraunum til aukins jafnaðar og réttlátara samfélags.

[1] Sjá efni um þetta á www.felagshyggja.net.

Höfundur er sviðsstjóri.

Úrræði gegn spillingu – þegar ríkið rekur einkafyrirtæki

Eftir Hauk Arnþórsson



Haukur Arnþórsson

Í framhaldi af hruninu urðu nokkrar umræður um spillingu á Íslandi, einkum í fjármálakerfinu og hún var jafnvel talin teygja sig til hins opinbera. Hluti af spillingu í þessum kerfum opinberaðist í rannsóknarskýrslu Alþingis. Þá kom fyrir að talað var um Nýja Ísland og mátti skilja suma stjórnmalamenn þannig að þeir ætluðu að sjá til þess að spilling minnkaði í landinu. Það hafa samt ekki komið fram ný úrræði gegn spillingu og ýmislegt bendir til þess að spilling gæti verið að aukast.

Þegar talað er um spillingu er jafnan átt við fyrirtækjaspillingu (e. corporate corruption) og spillingu í stjórnmalum og hjá hinu opinbera (e. political corruption). Ólíkum úrræðum er beitt til að mæta þessum aðal-spillingarhættum. Þá er einnig talið að þegar hið opinbera og viðskiptalíf mætast sé spillingarhætta (e. state-corporate corruption). Þeim fyrirtækjum sem komast í þá aðstöðu að njóta stuðnings opinbers valds opnast nýjar víddir við ákvarðanatöku, sem ekki voru opnar þegar þau störfuðu einvörðungu á eigin vegum, segja má að þau geti framið glæpi í umboði ríkisins og með tilstuðlan þess.

Aukin spillingarhætta

Þótt fyrirtækjaspilling gæti verið að aukast, vegna minni dreifðrar eignaraðildar, þá er hin nýja aðal-hætta á spillingu og viðskiptagæpum annars konar – eða vegna þess að nokkur hluti fjármála-, viðskipta- og atvinnulífsins er kominn í eigu ríkisins að einhverju eða öllu leyti og/eða á starfsemi sína undir velvild ríkisins komna. Sú aðstaða virðist kalla á ný úrræði gegn spillingu.

Fjármálaráðuneytið hefur búið til stjórnkerfi til þess að vinna með einkafyrirtæki í eigu ríkisins. Allt það kerfi starfar í umboði almennings og fer með fjármuni hans. Því kemur það á óvart að réttarúrræði og úrræði gegn spillingu í þessu stjórnkerfi og fyrir fyrirtæki sem ríkið hefur eignast eru óbreytt og miðast einvörðungu við að fyrirtækin séu í einkaeignarlegu formi.

Þau eru ekki í einkaeigu og það breytir öllu og stórar spurningar vakna varðandi stjórnunarákvæðanir og forsendur þeirra, hagsmuni einstakra fyrirtækja, samkeppni, hagsmuni tengdra aðila, beina hagsmuni ríkisins og fleira.

Þess er að vænta að ef eignarhald í einkageiranum verður lengi tengt ríkinu skekkist viðmiðanir í viðskiptum og fjármálum og þar með talið í spillingarmálum. Þá fer hlutverk ríkisins í samfélaginu á flot og hafi það áður átt að skapa atvinnustarfsemi heilbrigðan ramma og hafa með höndum eftirlit, þá getur það allt eins orðið eitthvert allt annað – og í þjónustu einstakra atvinnugreina sem ríkið hefur eignast eignarhlut í.

Telja verður það sameiginlega niðurstöðu mannkynsins á umliðnum áratugum að þétt samband ríkis og atvinnulífs beri með sér miklar og fjölbreyttar hættur. Því kann mikið að vera í húfi, svo sem sam-

keppnishæfni Íslands og fleiri viðmiðanir.

Úrræði gegn spillingu

Nálega engin úrræði gegn spillingu eru opin fyrir félög sem rekin eru í einkaeignarformi og ríkið á. Því má einstaklingur sem kvartar yfir spiltum ákvörðunum í stjórnun slíkra félaga eiga von á máls-

» Hin nýja hætta á spillingu og viðskiptagæpum er vegna aukins eignarhlutar ríkis í atvinnulífinu. Við því má bregðast með nýjum úrræðum gegn spillingu.

höfðun ef hann tjáir sig. Fjölmiðlar, sem starfa í þágu almennings, eiga ekki rétt á neinum upplýsingum um slík félög og mega þakka fyrir ef þeir fá ársreikninga.

Það er meðal annars þessi aðstaða sem stjórnmalamenn þyrftu að taka á. Þeir þyrftu að mynda spillingarúrræði fyrir einkafyrirtæki sem rekin eru af ríkinu. Að lágmarki þyrfti að setja fram lagaákvæði sem kvæðu á um upplýsingarétt almennings, stjórnunarlegar viðmiðanir og kæruleiðir.

a) Upplýsingaréttur almennings um einkafyrirtæki sem rekin eru í hans nafni er grundvallarréttindi. Nærtækt væri að láta upplýsingalög, sem nú gilda um opinbera geirann eða hlíðstæð lög, ná yfir starfsemi slíkra félaga. Ef fjölmiðlar og almenningur fá engar upplýsingar gætu skapast hættulegar aðstæður.

b) Stjórnunarlegar viðmiðanir væru lagaákvæði um stjórnun í einkafyrirtækjum í opinberri eigu. Þau gætu tekið mið af stjórn-sýslulögum og meðal annars falið í sér skyldu um málefnaleg sjónarmið við ákvarðanatöku og málsmeðferð.

c) Kæruleiðir fyrir almenning þurfa að vera virkar og málstími stuttur, þegar grunur leikur á lagabrotum stjórnenda í slíkum félögum.

Opnun rekstrarins fyrir almenningi er einnig spennandi kostur og stórminnkar spillingarhættu. Það gæti gerst þannig að ríkið sendi almenningi hlutabréf í félögum sem það eignast og komi þeim þannig hratt og vel á hlutafélagamarkað.

Lokaorð

Stjórnmalamenn þurfa að gæta að því sem til þeirra friðar heyrir. „Þetta er ekki í mínu valdi“ eru orð sem oft heyrast frá þeim þegar kemur að atvinnulífinu. En eiga svo sannarlega ekki alltaf við. Þeir bera ábyrgð á stöðunni jafnt núna og í aðdraganda hrunsins og þeim ber að efla úrræði gegn spillingu.

Við skulum vona að stjórnmalamenn dagsins í dag eigi ekki eftir að koma fyrir dómstóla vegna spillingarmála. En ekki er hægt að útiloka það, því eignarhaldið á atvinnulífinu er um þessar mundir með því einkennilegasta sem gerist í okkar heimshluta.


Höfundur er stjórnsýslufræðingur.

SÉRBLAÐ

Morgunblaðið gefur út glæsilegt sérblað um HönnunarMars 23.mars.

Á HönnunarMars gefst tækifæri til að skoða úrval af þeim fjölbreytilegu verkefnum sem íslenskir hönnuðir og arkitektar starfa við.

HönnunarMars



Meðal efnis:

Hönnuðir, arkitektar og aðrir þátttakendur.

Ný íslensk hönnun.

Húsgögn og innanhúshönnun.

Skipuleggjendur og saga hönnunarMars.

Dagskráin í ár.

Afrakstur fyrir hátíðinna.

Erlendir gestir á hátíðinni.

Ásamt fullt af öðru spennandi efni um hönnun.

ÞÖNTUNARTÍMI AUGLÝSINGA:
Fyrir kl. 16, FIMMTUDAGINN
17. MARS

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR:
Katrín Theódórsdóttir
Sími 569 1105
kata@mbl.is

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur

finnur.is

569-1100
finnur@mbl.is